

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030, lega jarðstrengs, ljósleiðara og göngu- og hjólastígs á milli Selfoss og Þorlákshafnar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 29. janúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 sem samþykkt var í bæjarráði þann 15. október 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 15. janúar 2015.

Í breytingunni felst lega 66 kV jarðstrengs, ljósleiðara og göngu- og hjólastígs innan þéttbýlisins Selfoss og á milli Selfoss og Þorlákshafnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 29. janúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.